

Leiðbeiningar fyrir ökumenn sem verða fyrir tjóni



Hvað geri ég ef ég lendi í umferðaróhappi og tjón verður á ökutækjum eða öðrum munum?

VITNI

Greina þarf rétt og nákvæmlega frá því hvernig atvik bar að. Skrá þarf niður skráningarnúmer ökutækja. Ef vitni voru að atburði er nauðsynlegt að skrá niður nöfn, kennitölu og símanúmer þeirra.

TJÓNSTILKYNNING

Í öllum bifreiðum á að vera sérstök tjónstilkynning til að nota vegna tjóna á ökutækjum eða tjóna sem verða rakin til ökutækja. Hægt er að fá tjónstilkynningu á næstu þjónustuskrifstofu VÍS, á vis.is eða á næstu bensinstöð.

Ökumenn fylla sameiginlega út framhlið tjónstilkynningarinnar og undirrita. Hvor ökumaður heldur eftir einu eintaki. Fyllið síðan bakhliðina út, dagsetjið og undirritið, áður en tilkynningunni er skilað. Tjónstilkynningunni skal skila eins fljótt og hægt er á næstu þjónustuskrifstofu VÍS eða til viðkomandi tryggingafélags.



AÐSTOÐ OG ÖRYGGI

VÍS er í samstarfi við Aðstoð & Öryggi ehf. en það er sjálfstætt og hlutlaust þjónustufyrirtæki sem annast vettvangsrannsóknir umferðaróhappa. Aðstoð & Öryggi aðstoðar við frágang tjónaskýrslu, myndatökur af vettvangi og tjónum. Skýrsla og ljósmyndir eru sendar strax rafrænt til tryggingafélags. Nánar upplýsingar má finna á www.arekstur.is

LÖGREGLA KÖLLUÐ TIL

Ef slys hefur orðið á fólki skal tafarlaust kalla til lögreglu. Einnig skal kalla til lögreglu ef um meiriháttar umferðaróhapp er að ræða. Lögregla gerir þá lögregluskýrslu sem síðan berst til VÍS.

Hringið í 112 og biðjið um aðstoð lögreglu og sjúkrabíls ef þörf krefur.

ÖKUTÆKI ÓÖKUFÆRT

Ef ökutæki er óökufært eftir umferðaróhapp kallar lögregla til dráttarbíl. Dráttarbílaþjónustan geymir bifreiðina þar til ákvörðun um sakarmat liggur fyrir. Síminn hjá dráttarbílaþjónustunni á höfuðborgarsvæðinu er 564 3800. Sambærileg þjónusta er veitt á landsbyggðinni.

Mikilvægt er að gera strax nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekara tjón og hættu fyrir aðra. Setjið blikkandi viðvörðunarkerfi á og viðvörðunarskilti ef aðstæður leyfa.



BÓTARÉTTUR

Þegar tjónstilkynning eða lögregluskýrsla hefur borist VÍS er tekin afstaða til sakar eða sakarskiptingar í málinu.

Ef þú telur þig vera í rétti snýrð þú þér beint til tryggingafélags mótaðila. Ef vafi er á réttarstöðu eða þú sættir þig ekki við svör tryggingafélags mótaðila skaltu snúa þér til tjónþjónustu VÍS, þar sem þér verður leiðbeint með framhaldið.

Ef þú ert í órétti bætir ábyrgðartrygging þín það tjón sem þú hefur valdið eftir að þú hefur skilað tjónstilkynningu til VÍS. Ef bifreiðin er kaskótryggð hjá VÍS, tilkynnir þú tjónið til VÍS og snýrð þér síðan til þjónustuverkstæðis vegna viðgerðarinnar. Í slíkum tilvikum er um eigin áhættu að ræða. Upplýsingar um upphæð eigin áhættu koma fram í tryggingarskírteini eða á greiðsluseðli. Einnig er hægt að fá upplýsingar um eigin áhættu á næstu þjónustuskrifstofu VÍS. Eigin áhættu þarf að greiða hjá þjónustuverkstæði við afhendingu bifreiðar að viðgerð lokinni eða á næstu þjónustuskrifstofu VÍS.

ÁGREININGUR VEGNA SAKARMATS

Ef þú sættir þig ekki við sakarmat VÍS getur þú skotið málinu til neðangreindra aðila:

TJÓNANEFND VÁTRYGGINGAFÉLAGANNA

Tjónanefnd gefur álit um sök og sakarskiptingu vegna tjóns af völdum ökutækja, sé ágreiningur um þessi atriði eða í tengslum við ákvörðun bótaskyldu úr lögboðnum ökutækjatrýggingum. Málskoti til Tjónanefndar fylgir enginn kostnaður.

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Ef þú unir ekki niðurstöðu Tjónanefndar má skjóta málinu til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Því fylgir nokkur kostnaður sem er endurgreiddur falli niðurstaðan þér í hag.

DÓMSTÓLAR

Úrskurðir nefndanna eru bindandi fyrir tryggingafélögin nema þau tilkynni aðilum bréfleiðis innan tveggja vikna frá því að þau fá úrskurð í hendur, að þau muni ekki hlíta honum. Tjónþolar eru alltaf óbundnir af niðurstöðum nefndanna og geta vísað málum til dómstóla.

VIÐGERÐIN

Panta þarf tíma hjá þjónustuverkstæði. Viðgerðaraðilar, sem hafa CABAS-kerfi, meta viðgerðarkostnað. Ef verðmæti ökutækis stendur ekki undir viðgerðarkostnaði þarf að koma með það í skoðun til VÍS. Panta þarf tíma hjá þjónustuverkstæði sem eru með samning við VÍS. Upplýsingar um þjónustuverkstæði með samning við VÍS er að finna á heimasíðu félagsins, vis.is. Þjónustuverkstæði meta viðgerðarkostnað og senda viðgerðaráætlun til félagsins. Ef verðmæti ökutækis stendur ekki undir viðgerðarkostnaði þarf að koma með það í skoðun til VÍS.

ÚTBORGUN ÖKUTÆKIS

Ef VÍS telur ökutækið ekki viðgerðarhæft getur komið til útborgunar og er þá miðað við staðgreiðsluverð. Áður en til útborgunar kemur verður að vera búið að aflétta veðum og greiða skatta og gjöld af ökutækinu.

BÍLALEIGUBÍLL

Í ábyrgðartjónum getur tjónþoli átt rétt á bílaleigubíl. Ef tjónþoli nýtir sér ekki þann rétt á hann rétt á greiðslu fyrir afnotamissi. Í kaskótjónum getur tjónþoli átt rétt á bílaleigubíl í allt að 5 daga ef hann er með fjölskyldutryggingu hjá VÍS. Þjónustuverkstæði getur séð um að útvega bílaleigubíl.

Ef réttur til bílaleigubíls er fyrir hendi greiðir VÍS ávallt daggjald fyrir bifreið í minnsta flokki. Hjá flestum bílaleigum sem VÍS er með samning við er 100 km akstur á dag innifalinn. Takmörk eru á dagafjöldi og er miðað við eðlilegan viðgerðartíma. Við bið eftir verkstæðistíma, eða ef óeðlileg bið er eftir varahlutum, er hvorki afnotamissir né bílaleigubíll greiddur. Kostnaður við akstur umfram innifalinn kílómetrafjöldi og eldsneytiskostnaður er á ábyrgð tjónþola.



Þú getur haft samband við þjónustuver okkar í síma **560 5000** milli **8:30** og **16:30** fyrir nánari upplýsingar

